



## Fundargerð

**446. fundur** í sveitarstjórn Skaftárhrepps, haldinn í fjarfundi á zoom kl. 15:00 mánudaginn 15. júní 2020. Þetta er 8. fundur ársins. Fundinum er streymt beint á facebook; <https://www.facebook.com/Klaustur.is/videos/2602983430017040/>

Fundargerð er tölvuskráð af Söndru Brá Jóhannsdóttur sveitarstjóra og er 4 blaðsíður. Fundurinn er hljóðritaður og verður hljóðritun geymd í tölvukerfi sveitarfélagsins.

Eva Björk Harðardóttir D lista boðar forföll og í hennar stað er kominn Jón Hrafn Karlsson 1. varamaður D lista.

Bjarki Guðnason varaoddviti býður fundarmenn og áheyrendur velkomna.

Mættir eru undirritaðir sveitarstjórnarmenn.

varaoddviti óskar eftir viðbót við dagskrá, við málefnskrá bætist;

### II. Málefni til umfjöllunar

12. Múlakotsskóli, Ólafur E. Júlíusson, dags. 13. júní 2020

11. Vinnuaðstaða á skrifstofu sveitarfélagsins, Ólafur E. Júlíusson, Karl Antonsson og Elín Pálsdóttir, dags. 15.06.2020

12. Tilnefning fulltrúa á aðalfundur Eignarhaldsfélags Suðurlands 29. júní 2020

13. Fyrirspurn er varðar rekstur gistiþjónustu innan frístundabyggðar að Hæðargarði (F4), Guðmundur Gíslason, dags. 10. júní 2020

14. Beiðni um lausn frá setu í menningarmálanefnd, Ólafur E. Júlíusson dags. 12. júní 2020

### III. Fundargerðir til kynningar

4. Verkefnisstjórn um þekkingarsetur, dags. 27. maí 2020

Einnig lögð fram tillaga um að 70. fundargerð fræðslunefndar dags, 3. júní 2020 færist undir III. Fundargerðir til kynningar nr. 5

*Dagskrárbreyting samþykkt.*

### Sveitarstjóri greinir frá gangi mála frá síðasta sveitarstjórnarfundi

2. júní Sunnlenskur samráðsfjarfundur með þingmönnum Suðurkjördæmis og sveitarstjórnarfulltrúum þar sem kynnt var skýrsla Byggðastofnunar um áhrif atvinnuleysis í sveitarfélögum

3. júní Stjórnarfundur Bergrisans bs.

4. júní Kynning á niðurstöðum Félagsvísindastofnunar á könnun um úrgangsmál frá mars 2020

11. júní fundur um uppbyggingu þekkingarseturs á 2. hæð heimavistarálmu

12. júní móttaka á aukaúthlutun styrks úr Ísland ljóstengt

12. júní fundur með umhverfisráðherra, ReSource og Félagsvísindadeild HÍ vegna fjármögnunarmöguleika tilraunaverkefnis í sorplausnum

12. júní Aðalfundur Lánasjóðs sveitarfélaga



## Dagskrá

### I. Fundargerðir til samþykktar

1. Fundargerð 170. fundar fræðslunefndar, dags. 3. júní 2020 – *fært undir lið 5 – III. Fundargerðir til kynningar.*
2. Fundargerð 17. fundar Bergisans bs. dags. 3. júní 2020
4. Verklagsreglur um stuðningsfjölskyldur og reglur um NPA  
*Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir samhljóða reglurnar fyrir sitt leyti.*

*Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn.*

### II. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

1. 2005018 Ársreikningur 2019 – síðari umræða

*Ársreikningur 2019 var til fyrri umræðu þann 28. maí sl. undirritaður af sveitarstjóra. Í A og B hluta rekstrarreiknings voru heildartekjur 710 millj.kr sem skiptast í skatttekjur 428 millj.kr, framlög jöfnunarsjóðs 119 millj.kr og aðrar tekjur 163 millj.kr. Rekstrargjöld voru 683 millj.kr og afskriftir 28,2 millj.kr. Fjármagnsgjöld voru 7,6 millj.kr og rekstrarniðurstaða samstæðu neikæð um 2,4 millj.kr.*

*Eignir samstæðu voru samtals 758 millj.kr þar af handbært fé 20,5 millj.kr. Eigið fé samstæðu nam 523 millj.kr og skuldir og skuldbindingar 235 millj.kr. Veltufé frá rekstri samstæðu var 25,6 millj.kr og afborganir langtímalána 17,3 millj.kr. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum var 113,3 millj. kr. sem var fjármagnað með handbæru fé. Engin ný lán voru tekin á árinu 2019*

*Sveitarstjórn þakkar stjórnendum og starfsfólki sveitarfélagsins fyrir þeirra framlag við rekstur sveitarfélagsins. Ljóst er að áhrif Covid 19 munu hafa veruleg áhrif á tekjur sveitarfélagsins á næstu misserum og því mikilvægt að gæta ítrasta aðhalds í öllum rekstri. Sveitarstjórn samþykkir ársreikning 2019 og staðfestir hann með undirritun sinni.*

2. 2006001 Kjör oddvita og varaoddvita  
*Varaoddviti leggur til að kjörinu verði frestað til næsta fundar sem haldinn verður í lok júní. Sveitarstjórn samþykkir tillöguna samhljóða.*
3. 2005020 Samstarf D og Z lista  
*Varaoddviti leggur til að málinu verði frestað til næsta fundar. Sveitarstjórn samþykkir tillöguna samhljóða.*
4. 1910013 Viðauki 2 við fjárhagsáætlun Skaftárhrepps  
*Björgvin Guðmundsson og Guðmundur Freyr Hermannsson ráðgjafar hjá KPMG kynna greinargerð vegna úttektar á fjárhagsstöðu sveitarfélagsins miðað við væntanlegan tekjusamdrátt. Sveitarstjórn þakkar kynninguna. Sveitarstjóra og oddvita falið að óska eftir samtali við stjórnvöld varðandi væntanlega fjárþörf sveitarfélagsins.*
5. 2006002 Forsetakosningar – kjörskrá  
*Sveitarstjóri leggur fram kjörskrárstofn frá Þjóðskrá vegna forsetakosninga sem fara eiga fram 27. júní 2020. Kjörstaður verður í Kirkjubæjarskóla á Síðu. Á kjörskrá eru 345. Sveitarstjóra falið að undirrita hana. Jafnframt er sveitarstjóra eða staðgengli hans veitt fullnaðarheimild til að fjalla um athugasemdir, gera nauðsynlegar leiðréttingar, úrskurða um ágreiningsmál sem kunna að koma fram að kjördegi vegna forsetakosninga 27. júní nk. í samræmi við 6. gr. laga um framboð og kjör forseta nr. 36/1945.*



6. 2006003 Skrifstofa Skaftárhrepps – starfslýsingar og staðgengill sveitarstjóra  
*Sveitarstjóri leggur fram til kynningar starfslýsingar starfsmanna skrifstofu sveitarfélagsins. Sveitarstjórn samþykkir að Karl Antonsson fjármála- og skrifstofustjóri gegni hlutverki staðgengils sveitarstjóra.*
7. 2006004 Skólaakstur  
*Samningar um skólaakstur í Skaftárhreppi runnu út í vor. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra, formanni fræðslunefndar og Arndís Harðardóttir fyrir hönd sveitarstjórnar að koma með tillögum til sveitarstjórnar fyrir næsta fund.*
8. 2003009 Samningur Fjarskiptasjóðs og Skaftárhrepps um aukaúthlutun vegna Ísland ljóstengt 2020 til staðfestingar  
*Sveitarstjóri undirritaði samning við fjarskiptasjóð um aukaúthlutun vegna Ísland ljóstengt þann 12. júní sl. Skaftárhreppur fékk 32 millj.kr úr fjarskiptasjóði til lagningar ljósleiðara samhliða þrífösun rafmagns í Meðallandi. Einnig fékk sveitarfélagið byggðastyrk úr byggðaáætlun að upphæð 15 millj.kr til sama verkefnis. Sveitarstjórn fagnar niðurstöðu úthlutunarinnar og staðfestir samningana samhljóða.*
9. 2006005 Staðsetning hverfisstöðvar fyrir rusl við Skerjavelli. Þórgunnur María Guðgeirsdóttir, dags. 8. júní 2020  
*Sveitarstjórn felur skipulags- og byggingarfulltrúa að leysa málið í samvinnu við bréfitara.*  
  
*Katrín Gunnarsdóttir lýsir yfir vanhæfi við afgreiðslu næsta liðar og vikur af fundi.*
10. 2006006 Beiðni um námsvist utan lögheimilissveitarfélags skólaárið 2020-2021  
*Sveitarstjórn samþykkir erindið.*  
  
*Katrín kemur aftur til fundarins.*
11. 2006007 Stefnumótun Kötlu jarðvangs – samningur við Alta til staðfestingar  
*Sveitarstjórn staðfestir samninginn og hlutdeild Skaftárhrepps að upphæð 930.000,- sem er fært á milli liða af 2140-4341 á lið 2140-4390.*
12. Múlakotsskóli, Ólafur E. Júlíusson, dags. 13. júní 2020  
*Sveitarstjórn þakkar erindið. Málinu vísað til menningarmálanefndar til umræðu.*
13. Vinnuástaða á skrifstofu sveitarfélagsins, Ólafur E. Júlíusson, Karl Antonsson og Elín Pálsdóttir, dags. 15.06.2020  
*Sveitarstjórn tekur undir mikilvægi þess að unnið verði að því að starfsástaða skrifstofu sveitarfélagsins verði bætt. Sveitarstjóra falið að leita leiða til að koma málinu í farveg eins fljótt og hægt er.*
14. Tilnefning fulltrúa á aðalfundur Eignarhaldsfélags Suðurlands 29. júní 2020  
*Sveitarstjórn tilnefndir sveitarstjóra sem fulltrúa Skaftárhrepps á aðalfundinn fyrir sína hönd.*
15. Fyrirspurn er varðar rekstur gistipjónustu innan frístundabyggðar að Hæðargarði (F4), Guðmundur Gíslason, dags. 10. júní 2020  
*Sveitarstjórn þakkar erindið og vísar því til umfjöllunar í skipulagsnefnd.*



16. Beiðni um lausn frá setu í menningarmálanefnd, Ólafur E. Júlíusson dags. 12. júní 2020  
*Sveitarstjórn þakkar Ólafi fyrir framlag sitt til menningarmálanefndar. Tilnefningu frestað til næsta fundar.*

### III. Fundargerðir til kynningar

1. 6. fundur stjórnar Skógasafns, dags. 9. desember 2019. *Fundargerð kynnt*
2. 558. fundur stjórnar SASS, dags. 22. maí 2020. *Fundargerð kynnt*
3. 205. Fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands, dags. 2. júní 2020. *Fundargerð kynnt*
4. Verkefnisstjórn um þekkingarsetur, dags. 27. maí 2020. *Fundargerð kynnt*
5. Fundargerð 170. fundar fræðslunefndar, dags. 3. júní 2020. *Fundargerð kynnt*

### IV. Annað kynningarefni

1. Átak í fráveituframkvæmdum. Samband íslenskra sveitarfélaga og Samorku, dags. 2. júní 2020. *Kynnt*
2. Drög að viðbragðsáætlun heilbrigðisnefndar Suðurlands til að bæta loftgæði utandyra, til kynningar. *Kynnt*
3. Bakhópur um málefni hjúkrunarheimila, punktar frá fjarfundi dags. 4. júní 2020. *Kynnt*
4. Minnisblað frá sunnlenskum samráðsfjarfundi, dags. 2. júní 2020. *Kynnt*

Fundargerð lesin upp og samþykkt með staðfestingu undirritaðra sveitarstjórnarmanna í tölvupósti til sveitarstjóra.

Næsti fundur sveitarstjórnar áætlaður 30. júní 2020

Fundi slitið kl. 170:01

---

Bjarki Guðnason

---

Katrín Gunnarsdóttir

---

Jón Hrafn Karlsson

---

Heiða G. Ásgeirsdóttir

---

Arndís Harðardóttir